

1227. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. mars 2022 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð og á teams.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson (fjarfundur), Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson (fjarfundur), Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir (fjarfundur), Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson (fjarfundur), Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir, starfsmaður hagdeildar VR, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru: Oddur Gunnar Jónsson, forstöðumaður fjármála- og rekstrarsviðs VR, Sigríður Helga Sveinsdóttir, endurskoðandi frá KPMG, og Pálína Vagnsdóttir, skoðunarmaður VR.

Dagskrá:

Ragnar Þór setti fundinn kl 17.30. Áður en fyrsti dagskrárliður hófst óskaði Ragnar Þór eftir dagskrárbreytingu, að bætt verði við lið nr. 9, **Stuðningur VR vegna stríðs í Úkraínu.**

Samþykkt.

Önnur mál verða þá liður nr. 10 í dagskránni.

Ragnar Þór bauð nýjan fundarritara velkominn en Steinunn Böðvarsdóttir tekur við af Árna Leóssyni, sem ritað hefur fundargerðir félagsins í áraðir.

1. Fundargerð 1226. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1226. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur VR 2021

Oddur Gunnar Jónsson og Stefán Sveinbjörnsson fóru yfir ársreikninginn. Fyrir fundinum lágu skjölin *Ársreikningur 2021, VR ársreikningur 2021 kynning fyrir stjórn, Rekstur 2021 samanburður við áætlun og Lykiltölur 2021.*

Oddur fór yfir helstu atriði ársreiknings á glærum. Í máli hans kom fram að breyting hafi verið gerð á flokkun tekna og gjalda sem snerta rekstrartekjur Orlofssjóðs og innheimtukostnað vegna iðgjalda. Samtala rekstrartekna og -gjalda 2020 hefur því breyst að upphæð 2,7 m.kr.

Hvað varðar starfsemi á árinu 2021 hefur félagsmönnum fjölgað um 1% milli ára eftir fækkun árið á undan, fjölgun er meiri síðari hluta árs. Dregið hefur úr atvinnuleysi eftir mikla fjölgun 2020. Fækkun er í fjölda afgreiðslna í móttöku svo nemur 35,7% en fyrirspurnum á vr@vr.is fjölgar sem og heimsóknunum á Mínar síður. Málum á kjaramálasviði fækkar um 14,5%. Aukning er í útgreiðslu styrkja úr VR varasjóði um 121 m.kr. eftir lækkun árið 2020. Rekja má aukninguna m.a. til þess að styrkir vegna líkamsræktarkorta eru að koma inn aftur eftir mikla fækkun 2020 vegna Covid-19.

Nýting orlofshúsa batnar um 8% og gistinóttum fjölgar um 12,6%, niðurgreiðsla vegna gistingar var um 71 m.kr. Sala gjafabréfa Ícelandair nánast tvöfaldast á milli ára en minni sala er í veiði- og útilegukortum.

Oddur sagði afkomu félagsins hækka um 324 m.kr. milli ára. Iðgjöld aukast um 7,2% og orlofstekjur um 13,1% vegna bættrar nýtingar og fjölgunar orlofshúsa. Rekstrartekjur hækkuðu um 301 m.kr. en rekstrargjöld lækkuðu um 7 m.kr. Um helmingur fjárhæðar sem fer í iðgjöld og skatta fer til ASÍ.



Dagpeningar og styrkir hafa dregist saman um 216 m.kr. sem er ánægjuleg þróun. Rekja má það að hluta til breytinga á greiðslu dagpeninga en einnig fækkunar félagsmanna sem sækja til Sjúkrasjóðs. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum lækkar milli ára um 18% og er að nálgast það sem það var 2015 – 2017. Nýjum málum hjá VIRK fækkar um 14,9%, fækkað hefur um einn ráðgjafa VIRK hjá VR.

Raunávöxtun verðbréfasafna VR lækkaði milli ára úr 5,7% í 4,6% en er enn verulega há. Meðalraunávöxtun síðustu sjö ára var 4,7%.

Heildarniðurstaða rekstrar án fjármagnsliða var jákvæð um 268 m.kr. á árinu en hafði verið neikvæð í þrjú ár þar á undan. Með fjármagnsliðum er niðurstaðan jákvæð um 1.159 m.kr. Bætta afkomu má rekja til Sjúkrasjóðs að mestu leyti. Rekstrarniðurstaða síðustu sjö ára hefur verið samtals tæplega 6 ma.kr.

Oddur fór yfir eignir félagsins en þær námu 16,5 ma.kr. í lok árs 2021 og hafa aukist úr 10,3 ma.kr. á sjö árum. Gerð var breyting á fjárfestingastefnu félagsins haustið 2021 og dregið úr vægi hlutabréfa og erlendra eigna. Markmiðið var að minnka áhættuna og læsa inn þann ávinning sem náðst hafði. Stefán benti á að í ljósi þróunar á mörkuðum síðustu vikur og mánuði hafi ákvörðunin verið tekin á réttum tíma.

Kynnt var tillaga að framlagi í VR varasjóð, 805 m.kr. og er skiptingin þannig að úr félagssjóði koma 255 m.kr., Sjúkrasjóði 340 m.kr. og Orlofssjóði 210 m.kr. Stærsta breyting milli ára er lækkun á framlagi úr félagssjóði en aukning úr Sjúkrasjóði. Tillagan er í samræmi við samþykka starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar árið 2022.

Ragnar þakkaði Oddi og Stefáni fyrir og sagði stöðu félagsins sterka. Við gætum verið ánægð með þessa niðurstöðu sem og ákvörðun um breytingu á fjárfestingastefnunni.

3. Skýrsla endurskoðenda vegna ársreiknings VR 2021

Fyrir fundinum lá skjalið *VR Endurskoðunarskýrsla 2021 Drög*, dags. 9. mars 2022. Sigríður Helga Sveinsdóttir endurskoðandi hjá KPMG lagði fram skýrsluna og fór yfir helstu atriði.

Sigríður sagði endurskoðunina unna í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun. Mismunum eða skekkjum sem fram koma við endurskoðunina er safnað á sérstaka mismunalista og er lagt mat á áhrif uppsafnaðra mismuna undir lok endurskoðunarinnar. Enginn mismunur kom fram við endurskoðunina. Þá komu engar skekkjur fram né verulegir veikleikar.

Endurskoðun leiddi ekki í ljós skekkjur vegna rekstrartekna né skekkjur eða frávik frá fjárfestingarstefnu félagsins. Farið var yfir virkni eftirlitsþátta vegna úthlutunar úr Sjúkrasjóði og VR varasjóði og yfirfarin gögn vegna gjaldfærðra bóta og styrkja. Engar skekkjur komu í ljós né verulegir veikleikar.

Hvað varðar mögulega sniðgöngu stjórnenda á eftirliti komu engin frávik fram.

Niðurstöður endurskoðunarinnar eru að ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 er áritaður án fyrirvara.

Umræður

4. Skýrsla skoðunarmanna VR

Fyrir fundinum lá skjalið *Kynning fyrir stjórn VR 9. mars 2022*. Pálína Vagnsdóttir, annar félagslegra skoðunarmanna VR, fór yfir helstu atriði á glærum. Fram kom að skoðunarmenn voru upphaflega tveir en annar hefur hafið störf hjá VR og því ekki lengur skoðunarmaður.

Pálína fór yfir hlutverk skoðunarmanna VR og ferli skoðunar. Skoðunarmenn hafa aðgang að skjalakerfi VR, funda með framkvæmdstjóra, starfsfólki og endurskoðendum og lesa fundargerðir og önnur gögn. Skoðunarmenn leggja fram spurningar sem varða starfsemi félagsins og senda til framkvæmdastjóra sem tekur saman svör. Alls voru spurningarnar 333 í ár. Dæmi um spurningar voru birtar á glærum. Pálína sagðist áætla að minnst 100 klst. hafi farið í vinnu félagslegra kjörinna skoðunarmanna í ár.

Pálína ræddi því næst nefndir félagsins og hrósaði félaginu fyrir herferð um þriðju vaktina. Hún ræddi nokkur atriði varðandi kjarasamninga, þar á meðal lengd útkalla, frídaga eftir sjö daga vinnu og mikilvægi þess að ungt fólk fái skýr svör um réttindi sín.

Pálína sagðist skrifa upp á ársreikninginn án fyrirvara. Þakkaði hún því næst formanni og starfsfólki og óskaði stjórn velfarnaðar. Ragnar Þór þakkaði Pálinu fyrir ítarlega og samviskusamlega yfirferð.

Ragnar Þór bar upp ársreikning félagsins til samþykktar eins og hann var kynntur.

Samþykkt samhljóða.
Reikningurinn fór því næst í undirritun.

Oddur og Sigríður viku af fundi kl. 18:45 og Pálína kl. 19:10.

Áður en næsti dagskrárliður hófst var Þorvarði afhent afmælisgjöf í tilefni af nýlegu þrítugsafmæli. Sunginn var afmælisöngurinn.

5. Tillögur fyrir aðalfund VR 2022

Stefán lagði fram skjalið *Aðalfundur VR 2022 minnisblað* og fór yfir tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund félagsins 2022.

Tillögur á fundinum:

Fundarstjóri: Guðmundur B. Ólafsson

Fundarritari: Steinunn Böðvarsdóttir

Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Lagt er til að framlag í VR varasjóð verði 805 m.kr., frá Félagssjóði komi 255 m.kr. frá Sjúkrasjóði 340 m.kr. og 210 m.kr. frá Orlofssjóði

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að KPMG sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2022

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Pálinu Vagnsdóttur og Sveinn Enok Jóhannsson sem skoðunarmenn og Þóru Skúladóttur Öfjörð sem varaskoðunarmann VR. sbr. 27. gr. laga VR

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagssjóð VR og 0,05% renni í Vinnudeilусjóð VR.

Tillaga um stjórnarlaun:

Sjá minnisblað frá launanefnd á stjórnarfundi 1226.

Tillaga um lagabreytingar:

Engar tillögur að lagabreytingum liggja fyrir.

Tillögur um breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs VR:

Tillaga um að fella út slysabætur sjá sérstakt minnisblað um breytingu

Stefán fór yfir skiptingu félagsgjalds í félagssjóð annars vegar og Vinnudeilusjóð hins vegar. Umræður hafi átt sér stað hvernig sú skipting eigi að vera; hvort framlag í Vinnudeilusjóð eigi að vera óbreytt, minna eða meira.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Ragnar Þór fyrir fundinn tillögu um að halda óbreyttri skiptingu félagsgjalds í félagssjóð og Vinnudeilusjóð.

Samþykkt, einn greiddi atkvæði á móti.

6. Breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Stefán lagði fram skjalið *Tillaga stjórnar VR að breytingu á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR 2022*. Hann benti á umræðu á síðasta fundi stjórnar og minnisblað sem lagt fram á þeim fundi. Félagið hafi verið að greiða bætur vegna slysa í frítíma ef um varanlega örorku er að ræða og sé eina stéttarfélagið sem það geri. Tillaga er gerð um að fella gr. 12. í Reglugerð Sjúkrasjóðs út í heild sinni en gildistími myndi miða við slysadag viðkomandi.

Gildistaka nýjs fyrirkomulags yrði með þeim hætti að allar umsóknir sem uppfylla skilyrði 12. gr. er varða slys sem verða fyrir 1. apríl 2022 eru gildar en ekki verða greiddar slysabætur samkvæmt 12. gr. vegna slysa sem verða frá og með 1. apríl 2022. Verði gerð breyting á Reglugerð þurfi samsvarandi breytingu á starfsreglum, sjá tillöguna.

Umræður.

Samþykkt samhljóða.

7. Kjaramál staðan

Ragnar Þór sagði frá því að hann hafi loks fengið í gegn samþykktir Blæs húsnæðisfélags eftir þrettán mánaða baráttu. Fyrirhugað sé að boða stjórn Blævar saman á föstudag og hefja vinnu við að koma þessu verkefni af stað.

Ragnar fjallaði því næst um átök innan ASÍ og vísaði í pistil sem hann birti á visi.is í dag (9. mars). Þar fjalli hann um þann kúltúr sem ríki innan ASÍ, þar skipti máli hvaðan hugmyndir koma og hver leggi þær fram. Hann ræddi samskiptaörðuleika við forseta ASÍ og sagðist ekki einn um að upplifa stöðuna á þann veg sem hann fjalli um í greininni. Óánægja sé hjá nýkjörnum formanni Eflingar, hjá verklyðsfélögum á Akranesi og Húsavík sem og Félagi skrifstofu- og verslunarfólks á Akranesi. Vægi félaga, þar sem stuðningur við sitjandi forseta ASÍ sé lítill, fari að nálgast 80%.

Ragnar sagði margar tilraunir hafa verið gerðar til að bæta ástandið en án árangurs. Hann sagðist munu kalla saman fund til að ræða málið betur á opinskáan hátt, bæði hvernig staðan sé og hvernig við myndum vilja sjá ASÍ.

Umræður.

Ragnar Þór óskar eftir heimild til að lengja fundinn til kl. 21:00.
Samþykkt.

8. Fundur um lífeyrismál 3. - 4. mars

Fyrir fundinum lágu skjölin *Fundargerð vinnufundar um lífeyrismál 3-4. mars 2022, Hlutverk lífeyrissjóða sem eigendur í hlutafélögum og Lífeyrskerfið á Íslandi kynning* (Sjá möppu *Vinnufundur um lífeyrismál*) Ragnar Þór fór yfir tildrög fundar fulltrúaráðs VR hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna sem haldinn var í byrjun mars. Fyrirhugað var að halda fund á vegum ASÍ um lífeyrismál og hafði komið fram tillaga um að nýkjörnum formanni Eflingar, Sólveigu Önnu Jónsdóttur, yrði boðið á fundinn. Miðstjórn ASÍ gerði ekki athugasemdir en Halldóra Sveinsdóttir, formaður Bárunnar stéttarfélags, kom fram með athugasemdir. Í ljósi þessa hafi hann afboðað sig á fundinn og ákveðið að halda fund með fulltrúaráði Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. VR sé eina félagið með kjarasamning um lífeyrismálin, önnur stéttarfélög falli undir ASÍ hvað þetta varðar. VR skipi helming stjórnarmanna í LIVE, í öðrum sjóðum eigi mörg félög fulltrúa í stjórn.

Á fundinum sem haldinn var 3. og 4. mars hafi verið farið yfir starfsemi sjóðsins sem og stjórnkerfi hans. Góðar umræður hafi skapast og mikilvægt að fundur sem þessi verði haldinn reglulega. Ragnar benti á að ítarleg fundargerð liggi fyrir og sagði málin verða rædd á komandi þingi Landssambands ísl. verzlunarmanna síðar í mánuðinum.

Stefán benti á mikilvægi þess að VR að setji sér stefnu um sjóðfélagalýðræði og hvernig við viljum skipa í stjórn sjóðsins sem og fleiri málefni, eins og þann kynjamun sem sjá má í útgreiðslum sjóðsins.

9. Stuðningur VR vegna stríðs í Úkraínu

Ragnar Þór ræddi ástandið vegna innrásar Rússlands í Úkraínu fyrir tveimur vikum og sagði í umræðunni nú að verkalýðsfélög komi til móts við fjölskyldur sem eru á flóttu vegna stríðsátakanna. Hann viti til þess að systurfélög VR á Norðurlöndum muni halda fund á morgun (10. mars) og að t.d. norsku félögin ætli að leggja til fjárstuðning að upphæð 1 norsk króna pr. félagsmann.

Hér sé erfið staða á húsnæðismarkaði en komið hafi fram hugmynd um að nýta byggðina í Ölfusborgum. Ragnar kynnti ályktun þar sem VR býður fram hús félagsins í Ölfusborgum, en VR eigi þar fjögur hús, og fjárstuðning að upphæð 5,6 milljónir króna, eða 1 Evra pr. félagsmann.

Tillaga að ályktun er sem hér segir:

VR veitir úkraínsku flóttafólki neyðaraðstoð

Stjórn VR fordæmir innrás Rússlands í frjálst og fullvalda ríki Úkraínu sem er skýrt brot á alþjóðalögum og við styðjum allar friðsamlegar aðgerðir sem bundið geta enda á stríðið.

VR mun tafarlaust bregðast við því neyðarástandi sem þessi innrás og stríð hefur orsakað hjá úkraínsku þjóðinni og svarar ákalli stéttarfélaganna í Úkraínu um hjálp. VR mun leggja sín lóð á vogarskálarnar við móttöku úkraínsk flóttafólks til Íslands með fjárstuðningi og með því að útvega bráðabirgðahúsnæði. Um leið vill stjórn VR skora á íslensk stjórnvöld að gera gangskör að verulegum úrbótum í húsnæðismálum hér á landi en félagið mun hlaupa undir bagga með flóttafólkinu með því að bjóða afnot af orlofshúsum félagsins í Ölfusborgum..

Auk þessa mun félagið styrkja hjálparstarf vegna flóttafólksins frá Úkraínu um eina evru fyrir hvern félagsmann eða um 5.600.000 kr.

Stjórn VR skorar jafnframt á önnur stéttarfélög hér á landi að leggja sitt af mörkum því neyðin er mikil og með sameiginlegu átaki er hægt að áorka miklu til góðs.

Samþykkt af stjórn VR 9. mars 2022

Umræður.

Lagt er til að gera breytingu á fyirsögn.

Tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Ragnar sagði í kjölfar umræðna að VR muni vinna að því að mynda stefnu fyrir félagið hvað varðar stuðning við flóttafólk.

Fundi slitið kl. 21:25.

Steinunn Böðvarsdóttir fundarritari

